

### **Tillaga fulltrúa Flokks fólksins velferðarráði**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að veita foreldrum á lágtekjuheimilum í Reykjavík sértæka aðstoð til að standa straum af gjöldum í tengslum við börn sín eftir atvikum og þörfum þeirra.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að reglur Reykjavíkur um fjárhagsaðstoð verði endurskoðaðar með tilliti til þess að börn tekjulágra foreldra fái styrk til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskólavistun og frístundaheimili, sumardvöl og þátttöku barns í þroskandi félags- og tólmundastarfi. Tryggt verði að foreldrar sem þiggi fjárhagsaðstoð fái ávallt styrk vegna þessa. Jafnframt verði veittur slíkur styrkur til lágtekjuhópa sem ekki þigga fjárhagsaðstoð.

Lagt er til að starfshópi skipuðum sérfræðingum frá skóla- og frístundasviði og velferðarsviði verði falið að kanna hvernig skuli útfæra slíkt styrktarúrræði þannig að það nái til fátækustu barnafjölskyldnanna og sem flestra barnafjölskyldna sem eiga erfitt með að standa straum af kostnaði í tengslum við börn sín.

Það er afar mikilvægt að tryggja að öll börn sitji við sama borð og að þau hafi jöfn tækifæri án tillits til efnahags foreldra þeirra. Það er samfélagsleg skylda okkar að aðstoða foreldra sem eiga erfitt með að greiða gjöld vegna þjónustu við börn sín.

### **Greinargerð**

Eins og staðan er í dag erum við aðeins að hjálpa litlum hluta af þessum börnum í Reykjavík. Samkvæmt tölum frá mars sl. fá sum þessara bara gjaldfrjálsa máltíð eða 262 börn en aðeins 166 fá ókeypis leikskóladvöl og 118 ókeypis í frístund. Ekki er mikið vitað um aðstæður þeirra tæplega 2000 barna undir 18 ára sem búa við eða eru í hættu á að falla í fátækt.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins telur að hér þurfi að ganga lengra og gera betur. Um er að ræða börn fátækustu foreldra borgarinnar, börn einstæðra foreldra, börn foreldra sem eru atvinnulausir, börn foreldra sem eru öryrkjar eða glíma við veikindi. Þessum foreldrum þarf að hjálpa með þeim hætti að þau þurfi ekki að hafa áhyggjur af gjöldum sem tengjast umönnun og menntun barna þeirra enda iðulega ekki mikið eftir af tekjum þegar búið er að greiða leigu. Ef horft er til yngstu barnanna og grunnskólabarnanna þá ætti skilyrðislaust að fella niður t.d. gjöld hjá dagforeldrum, leikskólajöld, skólamáltíðir og gjöld vegna frístundabátttöku hjá tekjulægstu foreldrunum í Reykjavík.